

GJALDSKRÁ FYRIR FRÍSTUNDAHEIMILI

Garðabær starfrækir frístundaheimili við Flataskóla, Hofstaðaskóla, Sjúlandsskóla, Álfanessskóla og Urriðaholtsskóla.

Í frístundaheimilum skólanna gefst nemendum skólanna kostur á að taka þátt í ýmis konar leik og starfi.

Gjald fyrir dægradvöl í frístundaheimili skal miðast við eftirfarandi sjö flokka.

Gjaldskrá:

1-10	klst./mán.	kr.	4.500
11-20	klst./mán.	kr.	9.000
21-30	klst./mán.	kr.	13.500
31-40	klst./mán.	kr.	18.000
41-50	klst./mán.	kr.	22.500
51-60	klst./mán.	kr.	27.000
61-70	klst./mán.	kr.	31.500
71-80	klst./mán.	kr.	36.000

Foreldrar sem eiga börn sem eru í dvöl á leikskóla, á frístundaheimili eða hjá dagforeldrum eiga rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Systkinaafsláttur er 50% af grunngjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% af grunngjaldi fyrir barn umfram tvö.

Foreldrar/forráðamenn með tekjur undir viðmiðunarmörkum geta sótt um tekjutengdan afslátt af gjöldum frístundaheimila samkvæmt reglum Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra. Afslátturinn er 40% af almennu dvalargjaldi og er veittur einstaklingum með lægri meðaltekjur að fjárhæð kr. 800.000 á mánuði og sambúðarfólki með lægri meðaltekjur en kr. 980.000 á mánuði.

Sækja þarf um systkinaafslátt og tekjutengdan afslátt í þjónustugátt á vef Garðabæjar.

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. janúar 2024.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
7. desember 2023*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

Úr gjaldskrá vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar.

4. gr.

Í grunnskólum bæjarins greiða nemendur sem dvelja á frístundaheimilum grunnskólanna kr. 205 fyrir síðdegishressingu.